

## 5. gr.

Þegar höfða skal mál til refsingar þar sem um er að ræða brot á ákvæðum þeim sem talin eru í 1. gr. og jafnframt öðrum lagaákvæðum ákveður ríkissaksóknari hvort málið skuli höfðað fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum eða almennum sakadómi.

## 6. gr.

Um málsmeðferð alla fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum skal fara eftir ákvæðum laga nr. 74 21. ágúst 1974, eftir því sem við á.

## 7. gr.

Dómsmálaráðherra úrskurðar að öðru leyti en lög þessi ákveða hver störf skuli lögð undir embætti sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum.

Dómsmálaráðherra ræður sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum starfsmenn.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1986.

Jafnframt eru felld úr gildi lög um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum, nr. 52/1973, og lög nr. 66/1974, um breyting á þeim lögum.

*Gjört í Reykjavík, 2. maí 1986.*

**Steingrímur Hermannsson.**

**Þorvaldur Garðar Kristjánsson.**

**Magnús Þ. Torfason.**

(L. S.)

*Steingrímur Hermannsson.*

Nr. 30

## LÖG

30. apríl 1986

### um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

#### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

## 1. gr.

Úr niðurlagi 2. mgr. 1. gr. laganna falla brott orðin „svo og vindlingapappír og eldspýtur“.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1986.*

**Steingrímur Hermannsson.**

**Þorvaldur Garðar Kristjánsson.**

**Magnús Þ. Torfason.**

(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*